

## **STRANDAVEGUR (643) DJÚPVEGUR – GEIRMUNDARSTAÐAVEGUR Í STRANDBYGGÐ**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Strandavegar (643), Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur, í Strandabyggð sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Strandabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þurfa að liggja fyrir, eftir því sem við á, staðfest breyting á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022, samþykkt deiliskipulag og umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. janúar 2011.

## INNGANGUR

Pann 11. október 2010 tilkynnti Vegagerðin fyrirhugaðar breytingar á Strandavegi (643): Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur í Strandabyggð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar og Veiðifélags Staðarár.

Umsagnir bárust frá Kaldrananeshreppi með bréfi dags. 17. nóvember 2010, Fiskistofu með bréfi dags. 22. október 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. október 2010, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 29. október 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. október 2010 og Veiðifélagi Staðarár með bréfi dags. 27. október 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 24. nóvember 2010 og tölvupósti dags. 1. desember 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdirnar felist í lagningu 2,8 km langs kafla á Strandavegi (643), af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynni Selárdals. Veglínan liggir til norðurs frá Djúpvegi við ósa Staðarár, yfir ósasvæðið og áreyrnar, að mestu með sjó fyrir Grænanes og síðan upp bakkana á núverandi veg. Jafnframt muni legu Staðarvegar (0,70 km) verða breytt og Stakkanesvegar (0,16 km) og tengingu Grænaness við Strandaveg (0,26 km). Framkvæmdin sé lokaáfanginn við að leggja bundið slitlag á leiðina milli Hólmavíkur og Drangness.

Fram kemur að heildarlengd nýrra vega sé tæpir 4,0 km og liggja nýjar veglínur að mestu leyti fjarri núverandi vegum. Selá skipti löndum milli sveitarfélaganna. Nýr kafli Strandavegar verði af vegtegund C8, sem sé 8,0 m breiður en aðrir vegir verði af vegtegund D4, 4,0 m breiðir. Framkvæmdasvæði sé í Strandabyggð og nýir vegir liggja um lönd jarðanna Hrófbergs, Stakkaness og Grænaness.

Áætluð heildarefnisþörf í veginn sé um 170 þús. m<sup>3</sup> og heildarmagn skeringa um 74 þús m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni úr skeringum verði að mestu nýtt í veginn en úr námu C við Vörðukleif komi um 8300 m<sup>3</sup>, úr námu B við Hálsstötu um 6500 m<sup>3</sup>, úr námu A við Selá um 27.000 m<sup>3</sup>, úr námum Dog E í Staðará um 47.000 m<sup>3</sup> og úr núverandi vegum um 19.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að byggja tvíbreiðri brú yfir Staðará. Námur D og E séu á landamerkjum Stakkaness og Hofstaða, náma A á landamerkjum Geirmundarstaða og Stakkaness en námur B og C í landi Bassastaða í Kaldrananeshreppi.

Tilgangur framkvæmdar byggist á markmiðum Vegagerðarinnar og samgönguáætlunar 2009-2012 um að auka greiðfærni og umferðaröryggi. Stefnt sé að því að framkvæmdir við verkið hefjist 2011 og að verklok verði 2012.

Framkvæmdin sé tilkynningarskyld skv. tl. 10 c í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem fyrirhugað sé að vegurinn fari um leirur og sjávarfítjar er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999.

**Kostir.** Fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar að skoðaðir hafi verið tveir aðrir kostir á legu vegarins.

Í fyrsta lagi sá kostur að fylgja núverandi vegi þar sem verstu agnúarnir yrðu skornir af en það skapaði önnur vandkvæði. Ef ný heimreið að Stakkanesi eigi að vera á álíka stað og núverandi heimreið yrði óhjákvæmilega um verulega skeringu að ræða ofan vegamótanna við Stað. Miklar líkur væru á því að sú skering væri óheppileg m.t.t. snjósöfnunar. Þá myndi vegurinn liggja nánast yfir bæjarstæðin á Grænanesi, en líklega ekki skerða neinar fornminjar þrátt fyrir að farið yrði mjög nærri þeim.

Í öðru lagi var skoðaður sá kostur að fylgja einnig núverandi vegi að Stakkanesi, en fara þar niður í fjöru og í þaðan fyrir Grænanes í vegstæði valkosta Vegagerðarinnar.

Báðum þessum kostum fylgdu nánast óbreyttar, þ.e.a.s. jafnslæmar tengingar að Stað og Stakkanesi. Tengingar að Grænanesi yrðu álíka lausn og fylgir fyrirhugaðri veglínu.

Við lagningu heimreiða að Stað og Stakkanesi, samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar, komi tveir kostir til greina annars vegar um 150 m sunnan Stakkanes og hins vegar að Stað meðfram Staðará og stuttur afleggjari að Stakkanesi.

**Áhrif á mannlíf og útivist.** Fram kemur að búskapur sé á Stað og Stakkanesi, á Grænanesi séu tvö sumarhús og eitt sumarhús í landi Stakkaness. Fram kemur að ryk og hávaði muni líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma. Það muni aðallega eiga við Stakkanes og Grænanes og veiðimenn í Staðará neðan núverandi brúar. Hafa verði þó í huga að núverandi umferð á Djúpvegi og Strandavegi valdi einhverri hljóðmengun á svæðinu. Að framkvæmdum loknum verði ónæði og mengun af umferðinni mun minni en sé í dag. Styttri og mýkri veglína með jafnari hæðarlegu muni ráða þar mestu.

Í fylgiskjali 4 kemur fram að meirihluti eigenda Grænanes lýsi sig alfarið andvígán fyrirhuguðu vegstæði. Þeir bendi m.a. á að aðgengi að fjöru yrði algjörlega útilokað, spjöll yrðu á lífríki fjörunnar, eyðilegging hlunninda svo sem veiði og nýtingu jarðarinnar.

**Áhrif á jarðmyndanir og vatn.** Fram kemur að vegurinn muni liggja yfir ósa Staðará og um áreyrar hennar og grunnsævi í botni Steingrímsfjarðar. Sjávarfitjar og leirur teljast til vistkerfa sem beri að vernda skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Framkvæmdin muni skerða vistgerðina fjöru um 0,5 ha, útifyrir 1,1 ha og leirur 2 ha. Framkvæmdin muni hafa hverfandi áhrif á jarðmyndanir. Tryggð verði vatnsskipti í öllum tjörnum sem myndast milli vega og strandar og álítur Vegagerðin að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Leitað verði álits Fiskistofu á áhrifum framkvæmdanna á veiði í Staðará og Steingrímsfjarðarbotni.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að vegurinn muni liggja um svæði sem sé að mestu leyti óraskað og muni breyta ásýnd landsins en vart umtalsvert. Staðhæft er að endurbygging núverandi vegar myndi breyta ásýnd landsins mun meira, því henni myndu fylgja háar fyllingar og djúpar og breiðar skeringar.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið í botni Steingrímsfjarðar sé að mestu áreyrar eða grunnsævi. Það einkennist af þurrlendisgróðri, en í botni fjarðarins séu sjávarfitjar næst sjónum. Nokkur ræktun sé í kringum bæinn Stakkanes, tún á flatlendi beggja vegna núverandi vegar og í hlíðinni norðan við bæjarstæðið.

Fram kemur að stærð raskaðs gróðurlendis við lagningu vegar um ósa Staðarár verði 1,5 ha graslendi, 3 ha graslendi með smárunnum, 0,3 ha aflögð tún og 0,2 ha þurrar áreyrar.

Við lagningu heimreiða að Stað og Stakkanesi komi tveir kostir til greina. Við samanburð með tilliti til röskunar á vistgerðum sé miðað við 30 m áhrifasvæði sem sé hámarks skerðing. Heimreið um 150 m sunnan Stakkaness, sem lægi jafnframt að Stað, myndi hafa áhrif á 1,39 ha. Heimreið að Stað meðfram Staðará myndi hafa áhrif á 3,27 ha, auk þess sem þá þyrfti sérstaka heimreið að Stakkanesi er raskaði 0,12 ha af leirum, 0,12 ha af fitjum og örlitlu graslendi.

**Áhrif á fugla.** Fram kemur að fyrirhuguð veglína muni aðallega hafa áhrif á æðar- og kríuvarp þar sem vegurinn muni liggja í gegnum vörpin. Áhrifin verði líklega tímabundin og fjöldi hreiðra ætti að verða svipaður fljótlega eftir að framkvæmdum ljúki. Fram kemur að Vegagerðin muni ekki standa í framkvæmdum á varpstöðum kríu og æðarfugls frá byrjun maí til loka júlí og það sé mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf í Steingrímsfjarðarbotni.

**Áhrif á lífríki fjöru.** Fram kemur að fyrirhugaður vegur muni liggja á grasbökkum/sjávarfitjum og um norðurhluta leirunnar. Vegurinn muni aðallega liggja um annað hvort búsvæðið en einnig um svæði sem einkennist af mörkum þeirra það er annars vegar um sjávarbakka með grasi og fitjum og hins vegar leirur. Þessi mörk munu að hluta til hverfa undir veginn. Efsti hluti leirunnar sé einsleitur og líflítill með tilliti til smádýralífs.

Fram kemur að fjörur í Steingrímsfirði og nágrenni séu lítt kannaðar, eins og eigi við um stóran hluta af strandlengju landsins. Ekki sé vitað hversu stór hluti af leirum í Steingrímsfirði, Strandasýslu eða Húnaflóa, skerðist við framkvæmdina en skerðingin, um 2 ha, sé þó lítil miðað heildarflatarmál leirunnar sem sé nálægt 50 ha á stórstraumsfjöru. Einnig kemur fram að uppbyggingu vega í norðanverðri Strandasýslu sé ólokið yfir Bjarnarfjarðarháls, fyrir Kaldbakshorn og úr Veiðileysufirði í Kjörvog. Af loftmyndum að dæma séu leirur ekki að neinu marki í nálægð þessara vegkafla nema í botni Bjarnarfjarðar, en veglínur sem þar eru til athugunar fari hvorki um leirur né grunnsævi.

Það sé mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á lífríki fjörunnar í Steingrímsfjarðarbotni.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á nokkrar fornleifar við Grænanes. Vegurinn færi yfir hlaðinn grjótgard á móts við stöðvar 1630 – 1670, rétt eða nánthagi muni lenda innan skeringar nærri stöð 2240 og rétt nærri stöð 2330 muni einnig lenda innan skeringar. Fram kemur það álit minjavarðar Vestfjarða að líklegt sé að þessar minjar séu allar frá 19. eða 20. öld en óvíst hvort eldri minjar eða byggingastig séu undir þeim. Mæla þurfi upp allar þessar minjar og ljósmynda og grafa sitt hvorn könnunarskurðurinn í réttirnar til þess að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir. Að því loknu verði erindi sent aftur til Fornleifaverndar ríkisins sem úrskurði þá hvort raska megi rústunum eða að frekari rannsókna sé þörf. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji litla ástæðu til þess að ráðast í könnunarskurði fyrr enn ljóst sé hvort heimilað verði að leggja veginn samkvæmt framlagðri tillögu.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að aðalskipulag Strandabyggðar sé í vinnslu og þar sé gert ráð fyrir þeirri legu Strandavegar og tilheyrandi heimreiða sem hér sé kynnt. Tillaga að aðalskipulagi hafi verið auglýst 15.06.2010 með athugasemdafresti til 28.07.2010 en engin athugasemd, er snerti samgöngubátt

skipulagstillögunnar, muni hafa borist. Fram kemur að aðalskipulag Kaldrananeshrepps sé í vinnslu og að í fyrirliggjandi drögum sé gert ráð fyrir að námur B og C verði starfræktar áfram.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Sveitarstjórn Strandabyggðar telur að með góðri útfærslu á framkvæmdinni verði hægt að takmarka eins og kostur er áhrif á ósinn en ljóst sé að sjávarfitjar muni verða fyrir áhrifum. Ítrekað er að sveitarfélagið leggi í aðalskipulagi áherslu á að stefnt sé að því að friða árbakka, stendur vatna og sjávar. Þar sem vegurinn muni liggja að hluta til um sjávarfitjar, sem séu meðal þeirra vistkerfa sem njóta sérstakar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og skuli forðast röskun eins og kostur sé, þá telji sveitarstjórn mikilvægt að við hönnun og framkvæmd vegarins sé tekið sérstakt tillit til sjávarfitjanna sem og við þverun árósa Staðarár. Sveitarstjórnin bendir á að framkvæmdin sé í samræmi við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar og engar athugasemdir hafi borist við legu Strandavegar. Umhverfisstofnun hafi bent í umsögn sinni á að röskun yrði á ós Staðarár ef af framkvæmdinni yrði og að mati stofnunarinnar væri sú tilhneiging að fara með vegi því sem næst ofaní fjöru ekki æskileg þróun. Sveitarstjórn telur að með aðgerðum sem framkvæmdaraðili lýsi í tilkynningu verði tryggt að umhverfisáhrif verði sem minnst. Strandabyggð telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati umhverfisáhrifum og lýsir sig fylgjandi henni.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps telur að þrátt fyrir að veglagningin komi til með að raska fjöruborði við Grænanes og Stakkanes, ásamt því að þvera áreyrar Staðarár, þá telji hún að til að gera núverandi vegsvæði jafn öruggt og snjólétt þyrfti að koma til það mikil röskun á landi Grænanes að ekki væri hægt að fallast á þá framkvæmd.

Landgræðsla ríkisins telur að með hliðsjón af eðli og umfangi framkvæmdarinnar skuli hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að í skýrslu fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða sé fjallað um áhrif þriggja mismunandi valkosta á veglínu á fornleifar. Í skýrslunni segi jafnframt að veglína tengivegar í landi Staðar hafi verið skoðuð svo og náma í sama landi þar sem efnistaka er fyrirhuguð. Ekki sé minnst á önnur efnistökusvæði (námur A, B og C) sem kynnt eru í skýrslu Vegagerðarinnar og því ekki ljóst hvort kannað hafi verið hvort þar sé fornleifar að finna.

Í fornleifaskráningarskýrslu komi jafnframt fram að þær minjar sem veglínur hafi áhrif á séu í landi Grænanes. Í skýrslu Vegagerðarinnar segi að veglína t643-110 sé sá valkostur sem Vegagerðin leggi til að lögð verði og á umsögn Fornleifaverndar ríkisins við þá veglínu. Farið er fram á að allar minjar sem raskast verði mældar upp og ljósmyndaðar og síðan verði grafnir sitt hvor könnunarskurðurinn í réttirnar, minjar 006 og 007, til að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir. Að því loknu verði erindi sent aftur til Fornleifaverndar ríkisins sem úrskurðar þá hvort raska megi rústunum eða að frekari rannsókna sé þörf. Að því gefnu að farið verði að þessum skilyrðum telur Fornleifavernd ríkisins að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Minnt er á á ákvæði 13. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, þar sem segir að ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmd verks ber að stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.



**Áhrif á lax og silung.** Fiskistofa telur ekki nauðsynlegt að gera heildstætt mat vegna hagsmuna í lax- og silungsveiði en hins vegar sé nauðsynlegt að Vegagerðin fái sérfræðilegt mat á því hvort malartekja úr námu D við ósa Staðarár sé ásættanleg og hvernig best verði gengið frá svæðinu að malartekju lokinni. Þær áætlanir verði síðan sendar til staðfestingar hjá Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Veiðifélag Staðarár tekur fram að það er ekki á móti framkvæmdunum sem slíkum en mótfallið malartekju úr ánni. Vísað er í upplýsingarit frá Veiðimálastofnun, *Malartekja úr ám*, þar sem fram komi að malartekja geti valdið miklum skaða á búsvæðum og lífríki ánnar ekki síður en á landi. Áhrifin geti náð langt út fyrir efnistökuvegna efnisflutnings og óstöðugleika botnsins. Fram hafi komið á fundi með fulltrúa Vegagerðarinnar að ekki sé nauðsynlegt að taka mól/efni úr ánni, mögulegt sé að sækja alla mól í aðrar námur í nágrenninu. Því er veiðifélagið mótfallið allri malartekju úr ánni til að forðast alla óþarfa áhættu á skaðsemi fyrir lífríki ánnar og ásynnd.

Stjórn Veiðifélagsins leggur áherslu á að allar framkvæmdir séu skipulagðar í samráði við félagið, framkvæmdatími og fleira, þannig að þær hafi sem minnst áhrif á fiskigengd, búsvæði og veiðar. Allar framkvæmdir verði bornar undir Veiðimálastofnun og álit hennar fengið áður en endanlegt verklag verði ákveðið. Farið er fram á að framkvæmdir séu seiðamælingar og búsvæðamat í ánni, áður en framkvæmdir hefjast og eftir framkvæmdir í samræmi við ráðgjöf Veiðimálastofnunar. Ós og eyrar Staðarár séu viðkvæm og þar sé mikið fuglalíf. Óljóst sé hvernig lega ánnar verði eftir framkvæmdirnar og einnig sé óljóst hvernig ganga eigi frá bökkum ánnar og verja þá. Ekki sé gerð grein fyrir vöktun á lífríki í ánni, ósnum eða á eyrum við ósinn. Tekið er fram að Vegagerðin hafi lýst vilja til að framkvæmdin verði í fullu samráði og samvinnu við veiðifélagið og eigendur jarðanna.

Vegagerðin segir m.a. í svari sínu að framkvæmdin standi hvorki né falli með því hvort efnistaka úr eyrum Staðarár verði heimiluð eða ekki. Nægir efnistökuþættir séu fyrir hendi án þess að farið verði yfir viðmið um heildarefnismagn úr námu sbr. lið 2a í 2. viðauka með lögum nr. 106/2000. Til greina komi námur A, B og C og æskilega breikkun á öryggissvæðum í innanverðum Fellabökum milli Ósar og Grjótár, en þær aðgerðir myndu felast í að sprengja frekar framan úr klettanefum sem þar eru og auka þar með vegsýn. Þá kemur fram í svörum Vegagerðarinnar að engin efnistaka verði af hálfu Vegagerðarinnar né verktaka á hennar vegum úr eyrum Staðarár nema tilskyld leyfi fái. Til að tilskilin leyfi fái frá Fiskistofu verði að liggja fyrir álit Veiðimálastofnunar, eða annarra viðurkenndra sérfræðinga, á áhrifum efnistökkunnar á lífríki ánnar.

**Áhrif á gróður, fugla, lífríki fjöru og verndarsvæði.** Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að hugsanlega hefði skipting umrædds vegkafla í tvennt, um Stakknes, haft í för með sér markvissari umfjöllun þar sem ólík sjónarmið ráða að vissu leyti staðsetningu vegarins, annars vegar um Staðará og hins vegar um norðanverðan Steingrímsfjörð.

Vegur um ósa Staðarár muni fara um grasbakka/sjávarfitjar og norðurhluta leirunnar.

Sjávarfitjar og leirur séu meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Í 37. gr. kemur skýrt fram að forðast skuli röskun sjávarfitja og leira eins og kostur er. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar geti orðið meiri en ella þar sem vegurinn verði á nokkrum stöðum ótengdur landi. Svæðin sem myndist milli vegar og lands verði hvorki fjara né lón og þannig slitin úr fyrra samhengi. Hæð vegarins verði nokkuð yfir stórstraumsflóði og auk þess muni grjótvörn sjávarmegin gera mannvirkið enn meira áberandi.

Umhverfisstofnun bendir á að staðhæft sé í skýrslu framkvæmdaraðila að sjónræn áhrif endurbyggingar núverandi vegar verði meiri en fyrirnefnd nýlagning, án þess að fyrir því séu lögð fram rök. Umhverfisstofnun telur að við endurbyggingu núverandi vegar gæfust tækifæri til að fella fyllingar og skeringar að landi sem ekki er fyrir hendi ef vegur er lagður á grunnsævi. Skeringar og fyllingar í hlíðinni væri unnt að móta þannig að þær falli að landi auk þess sem oft sé unnt að draga úr sjónrænum áhrifum með uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð veglagning um ósa Staðarár muni hafa verulega neikvæð áhrif á leirur og sjávarfitjar. Stofnunin telur að fyrirhuguð veglagning á grunnsævi og í fjöru utan Stakkaness muni hafa talsverð neikvæð áhrif á fjöru og landslag. Stofnunin telur að endurbygging núverandi vegar um Staðará teljist betri valkostur þar sem sú framkvæmd mun ekki fela í sér röskun leira og sjávarfitja.

Vegagerðin segir m.a. í svörum sínum að ljóst sé að niðurstaða stofnananna sé ólík, en reiknuð hlutföll raskaðs fitja- og leirusvæðis og heildar fitja- og leirusvæðis sýni að óverulegum hluta þessara svæða verði spillt með framkvæmdinni, aðeins tæplega 5 % af leirusvæðinu og tæplega 8 % af sjávarfitjunum. Vegagerðin telur ekki unnt að draga þá ályktun af þessum útreikningum að áhrif framkvæmdarinnar verði verulega eða talsvert neikvæð heldur þvert á móti að þau verði mjög lítil. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að 37. gr. laga nr. 44/1999, bannar ekki röskun verndarsvæða heldur er skýrlega kveðið á um að forðast skuli röskun slíkra svæða eins og kostur er.

Í framhaldi af fyrirspurn Skipulagsstofnunar tekur Vegagerðin fram, í tölvupósti 1. desember 2010, að hún muni tryggja full vatnsskipti inn á allar sjávarfitjarnar.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd er felst í lagningu 2,8 km langs kafla á Strandavegi (643), af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynna Selárdals. Fyrirhuguð veglína liggur til norðurs frá Djúpvegi við ósa Staðarár, yfir ósasvæðið og áreyrnar, að mestu með sjó fyrir Grænanes og síðan upp bakkana á núverandi veg. Jafnframt eru kynntir kostir við breytingu á heimreiðum, annars vegar Staðarvegar um 0,70 km og Stakkanesvegar um 0,16 km og tengingu Grænanes við Strandaveg 0,26 km og hins vegar um 0,5 km sameiginlegur vegur að Stakkanesi og Stað. Heildarlengd fyrihugaðra nýrra vega verður tæplega 4 km eftir því hvaða kostur við heimreiðar er valinn. Gert er ráð fyrir að byggja tvíbreiða brú yfir Staðará. Áætluð heildarefnisþörf í veginn er um 170 þús. m<sup>3</sup> og heildarmagn skeringa um 74 þús m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni úr skeringum verði að mestu nýtt í veginn en úr námu C við Vörðukleif komi um 8300 m<sup>3</sup>, úr námu B við Hálgötu um 6500 m<sup>3</sup>, úr námu A við Selá um 27.000 m<sup>3</sup>, úr námum D og E í Staðará um 47.000 m<sup>3</sup> og úr núverandi vegum um 19.000 m<sup>3</sup>.

Ný vegleið sem Vegagerðin áformar liggur yfir ósa Staðará og fer þar yfir fitjar og leirur sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun sem telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif lagningar vegar um leirur, fitjar og óshólma Staðará muni verða á sjávarfitjar og fjörur sem eru meðal þeirra vistkerfa sem njóta sérstakar verndar skv. náttúruverndarlögum og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Skipulagsstofnun telur að þó vegurinn hafi ekki bein áhrif á nema lítinn hluta flatarmáls sjávarfitjanna og leirunnar þá séu áhrifin staðbundin og varanleg, því þrátt fyrir að veginn megi fjarlægja er ólíklegt að eftir svo mikla röskun myndist sambærileg vistkerfi þar að nýju. Þá er jafnframt hætt við að óbeinna áhrifa gæti á hluta fitjanna vegna áhrif á vatnsbúskap innan vegarins, þrátt fyrir að stefnt sé að því að tryggja full vatnsskipti um ræsi gegnum veginn. Hætta er á að fuglalíf verði fyrir truflun einkum á framkvæmdatíma en einnig af umferð um veginn þó truflunin verði væntanlega ekki veruleg þegar til lengri tíma er litið.

Skipulagsstofnun tekur einnig undir niðurstöðu Umhverfisstofnunar um að fyrirhuguð veglagning í fjöru og grunnsævi kunni að hafa talsverð neikvæð áhrif á fjörur utan við Stakkanes og neðan Grænanes, en ekki er fjallað sérstaklega um lífríki fjörunnar þar, utan leirunnar, í tilkynningu. Fram kemur í tilkynningu Vegagerðarinnar að tryggð verði vatnsskipti í öllum tjörnum er myndast milli vegar og strandar þar sem vegurinn mun liggja yfir víkur/voga.

Skipulagsstofnun bendir á að víða við landið og einkum á Vestfjörðum hefur verið farið með vegi niður í fjöru, þannig að náttúrulegar fjörur skerðast og hefur Umhverfisstofnun bent á að það sé ekki æskileg þróun. Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi aðra kosti ítarlega áður en farið er með veg í fjöru. Stofnunin hefur skilning á því að sumsstaðar eru aðstaður þess eðlis að ekki er neitt val ef uppfylla á kröfum um samgöngur, en það breyti ekki áhrifum á umhverfið né bæti fyrir neikvæð áhrif.

Skipulagsstofnun telur liggja fyrir að framkvæmdin kunni að hafa áhrif á fisk í Staðará, einkum ef efni verður tekið úr áreyrunum. Framkvæmdaraðili tekur fram að framkvæmdin sé ekki háð efnistöku úr eyrum Staðará og í hana verði ekki farið nema fáist tilskilin leyfi Fiskistofu er byggi á álitni Veiðimálastofnunar, eða annarra viðurkenndra sérfræðinga á áhrifum efnistökkunnar á lífríki árinna. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fiskistofu og Veiðifélags Staðará og áform Vegagerðarinnar, um að efnistaka úr áreyrum við Staðará verði ekki leyfð, samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, nema fyrir liggi sérfræðilegt mat á því að hún hafi ekki óæskileg áhrif á lífríki árinna og hvernig skuli gengið frá efnistökusvæðinu að framkvæmd lokinni. Í því leyfi verði einnig tekið á því hvernig ganga skuli frá bökkum og legu árinna í verklok ef af efnistökkunni verður. Ef sú staða kemur upp að efnistaka verði ekki úr eyrum Staðará þarf Vegagerðin að bera það undir Skipulagsstofnun hvort aukin efnistaka úr öðrum námum, eða á nýjum stöðum, sé tilkynningarskyld framkvæmd.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að farið verði eftir kröfum Fornleifaverndar ríkisins. Í því felst að mæla upp tilgreindar minjar, ljósmynda og grafa í þær sitt hvorn könnunarskurðurinn til þess að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir. Síðan verði fenginn úrskurður Fornleifaverndar ríkisins um hvort raska megi rústunum eða að frekari rannsókna sé þörf. Bent er á að í tilkynningu Vegagerðarinnar



kemur ekki fram hvort fornleifar sé að finna á efnistökusvæðum A, B og C og þarf að hafa samráð við Fornleifaverndar ríkisins um könnun þar.

Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar um að vegur um ósa Staðarár kunni að hafa talsverð áhrif á landslag svæðisins við botn Steingrímsfjarðar auk þess sem vegurinn kunni einnig hafa talsverð áhrif á upplifun þeirra er njóta þess að sjá yfir ósasvæðið, sem er lítt snortið. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar geta orðið mikil utan Stakkaness þar sem vegurinn þverar víkur og slítur fjöru úr fyrri samhengi. Hæð vegarins upp úr sjó, grjótvörn og vegrið muni gera mannvirkið enn meira áberandi.

Meirihluti eigenda Grænanes lýsir sig alfarið andvígán fyrirhuguðu vegstæði sem m.a. útiloki aðgengi að fjöru, valdi spjöllum á lífríki fjörunnar og eyðileggingu hlunninda, svo sem veiði og nýtingu jarðarinnar.

Skipulagsstofnun tekur undir sjónarmið eigenda Grænanes en bendir einnig á að uppbygging núverandi vegar ofan Grænanes fylgi mikið rask, háar vegfyllingar skammt ofan húsa og ónæði af umferð á vegi sem færðist nær húsunum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að þrátt fyrir að um sé að ræða framkvæmd sem raskar svæðum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum þá telur stofnunin að nægilegar upplýsingar liggi fyrir til þess að leiða líkum að því að lagning Strandavegar um ósa Staðarár sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Vegagerðin standi að könnun á áhrifum vegarins á gróðurfar sjávarfitjanna og beri saman við hliðstæða könnun sem á að standa yfir fyrir botni Hrótafjarðar. Skipulagsstofnun lagði til þá rannsókn í ákvörðun stofnunarinnar 19. júlí 2007 með það markmið að niðurstöður nýttust við að segja betur fyrir um líkleg áhrif veglagningar um sjávarfitjar.

Fyrir liggur að skoðaðir voru tveir aðrir kostir varðandi legu Strandavegar af Djúpvegi að Geirmundarstaðavegi, en Vegagerðin gerir að aðaltillögu sinni. Annar kosturinn er veglína sem fylgir að mestu núverandi vegi (t 643-102) en sveigir nær bæjarstæðinu á Grænanesi. Hinn kosturinn er veglína (t 643-106) sem fylgir einnig núverandi vegi að Stakkanesi, en fer þar niður í fjöru að völdum kosti Vegagerðarinnar og fylgir honum fyrir Grænanes. Báðum veglínunum myndu fylgja nánast óbreyttar tengingar að Stað, Stakkanesi og Grænanesi. Einnig væri möguleg minniháttar breyting á heimreið að Stað, sem kynnt er, upp með Staðará þar sem er snjóléttara en á núverandi vegstæði og bent er á að einnig væri mögulegt að skoða nýja heimreið í hlíðarfæti frá stöð um 3700 að Stakkanesi.

Skipulagsstofnun telur að megin rök Vegagerðarinnar fyrir því að leggja veginn með fjöru fyrir neðan Grænanes og síðan um ósa Staðarár, vera þau að með því verði komist hjá snjóastöðum í hlíðinni ofan og utan við Stakkanes. Skipulagsstofnun bendir á að þessu megin markmiði megi ná með því að endurbyggja núverandi veg frá Djúpvegi að heimreiðinni að Stakkanesi og þaðan eftir línu sem Vegagerðin kynnir (lína t 643-106) niður að sjó og með fjöru út fyrir Grænanes. Með því móti væri komið til móts við að uppfylla ákvæði 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem kemur skýrt fram að forðast skuli röskun sjávarfitja og leira eins og kostur er, auk þess sem það samræmdist ennfremur markmiði laga um mat á umhverfisáhrifum um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur því að hægt sé að

uppfylla markmið Vegagerðarinnar um lagningu snjóléttra vega, án þess að leggja veg um ósa Staðarár. Skipulagsstofnun telur því að endurbygging núverandi vegar um Staðará, a.m.k. út fyrir Stakkanes, muni hafa mun minni umhverfisáhrif en valkostur Vegagerðarinnar. Framkvæmdin væri jafnframt utan svæða sem njóta verndar og félli þar með ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ljóst er að lega heimreiða frá fyrirhuguðum vegi Vegagerðarinnar um ósa Staðarár er óútkljáð en væri auðleystari með endurbyggingu núverandi vegar út fyrir heimreið að Stakkanesi, auk þess að hafa síður áhrif á Stakkanes jörðina og svæði sem njóta verndar.

Skipulagsstofnun bendir á að í samþykktu Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er gert ráð fyrir vegi um ósa Staðarár og er valkostur Vegagerðarinnar í tilkynningu í samræmi við það. Í aðalskipulaginu er heimreið að Stað samkvæmt leið t 643 – 104, sunnan Stakkaness, en hún er í andstöðu við landeiganda Stakkaness. Efnistaka úr Staðará er ekki í samræmi við Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022. Vinna þarf deiliskipulag fyrir mannvirkin og í því þarf m.a. að staðsetja heimreiðar. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Velji Vegagerðin að endurbyggja Strandaveg frá Djúpvegi út fyrir Stakkanes og þar að sjó eftir leiðum t 643 – 106 og t 643 – 102 þarf að breyta Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Strandabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þurfa að liggja fyrir, eftir því sem við á, staðfest breyting á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022, samþykkt deiliskipulag og umhverfismat áætlana.

Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Framkvæmdin er háð leyfi Fornleifaverndar ríkisins samkvæmt 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Minnt er á ákvæði 13. gr. þjóðminjalaga, þar sem segir að ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmd verks ber að stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfissráðherra. Kærufrestur er til 11. janúar 2011.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson